

Greinargerð með ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar 2012

Inngangur

Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjáfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 772 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 735 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 640 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 605 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 26 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 9,9 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 3,2 milljónir króna eftir að tekið hefur verið tillit til 65,5 milljóna króna framlags A hluta til að greiða niður tap B hluta fyrirtækja. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 49,6 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 125 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 293 milljónum króna.

Í árslok 2012 er skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga 115% í A hluta og 140% í samanteknum ársreikningi. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitastjórnarlaga á þetta viðmið ekki að vera hærra en 150%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu um 358 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 63 stöðugildum.

Rekstur – frávik frá fjárhagsáætlun

00 Skatttekjur Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun að útsvarstekjur næmu 357 m.kr. Þær reyndust 395 m.kr og voru þannig 38 m.kr. yfir áætlun. Tekjur úr Jöfnunarsjóði voru einnig yfir áætlun og reyndust 142 m.kr. í stað 138 m.kr. eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

02 Félagsþjónustan Framlag sveitarfélagsins til málefna fatlaðra í gegnum Byggðasamlag Vestfjarða var ekki sett inn í fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða félagsþjónustu sýnir af þessum sökum mikið frávik frá fjárhagsáætlun þar sem reiknað var með 45 m.kr í kostnað umfram tekjur. Rekstrarniðurstaðan er hinsvegar 72 m.kr í kostnað umfram tekjur

04 Fræðslumál Í heildina eru fræðslumálin 1,8% framyfir áætlun eða 4 m.kr.

05 Menningarmál Ekki var áætlað fyrir framlagi til Byggðasafns Vestfjarða að upphæð 1,6 m.kr. Þá var ekki áætlað fyrir húsaleigustyrk að upphæð 1,2 m.kr til Leikfélags Bolungarvíkur, sem fékk afnot af Félagsheimilinu til æfinga og sýninga án sérstakrar greiðslu .

06 Íþróttta og æskulýðsmál Kostnaður við íþróttta og æskulýðsmál er 3,1 m.kr yfir áætlun. Mest munar um meiri launakostnað í íþróttamiðstöð en gert var ráð fyrir.

07 Brunamál Launakostnaður vegna brunamála og almannavarna er á áætlun en reksturinn er í heild 4,5 m.kr undir fjárhagsáætlun vegna endurgreiðslu kostnaðar og endurgreiðslu VSK af búnaði sem ekki var áætlað fyrir.

08 Hreinlætismál Rekstur málaflokksins var 1,7 m.kr yfir áætlun vegna kostnaðar við sorphreinsun og eyðingu þess.

09 Skipulagsmálin Kostnaður vegna skipulags og byggingarmála er 1 m.kr yfir áætlun. Aðallega vegna meiri vinnu byggingarfulltrúa.

10 Umferðar og samgöngumál Kostnaður vegna umferðar og samgöngumála er 7 m.kr yfir áætlun. Þar munar mest um kostnað vegna snjómoksturs sem er 4 m.kr meiri en gert var ráð fyrir. Þá var viðhald gatna 1,4 m.kr yfir áætlun.

11 Umhverfismál Sláttur opinna svæða reyndist rúmlega 2 m.kr dýrari en gert var ráð fyrir auk þess sem önnur hreinsun bæjarlandsins var dýrari en áætlun gerði ráð fyrir.

13 Atvinnumál Farið var í ýmis samstarfsverkefni við Vinnumálastofnun á árinu vegna atvinnuleitenda, sem ekki voru inni í fjárhagsáætlun. Á móti komu talsverðar tekjur vegna verkefnanna þannig að í heildina tekið fór kostnaður ekki mikið fram úr áætlun og má fullyrða að vel tókst til með þau verkefni sem ráðist var í og veittu fólki atvinnu sem það hefði ekki átt kost á annars.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja Lang stærsti útgjaldaliður A-hluta stafar af framlagi A-sjóðs til B-hluta sjóða, að upphæð 65,5 m.kr. Munar þar mest um framlag til Félagsheimilisins 34,8 m.kr til að mæta fjármagnskostnaði og afskriftum, en nærri lætur að leigutekjur hrökkvi fyrir launum og öðrum rekstrarkostnaði. Þá er framlag aðalsjóðs til Félagslegra íbúða 18,1 m.kr og framlag til Vatnsveitu 12,5 m.kr.

Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri

Veltufé samstæðu A- og B-hluta frá rekstri var 104 m.kr á árinu 2012 á sama tíma og afborganir langtímalána voru 89,5 m.kr. Þannig að nokkur afgangur var af veltufé frá rekstri til að nýta í fjárfestingar án lántöku.

Hafnarsjóður

Hagnaður af rekstri hafnarsjóðs var 25 m.kr. á árinu 2012 sem verður að teljast mjög góð afkoma. Rekstrartekjur hafnarsjóðs voru 87,4 m.kr. og veltufé frá rekstri 35 m.kr. á meðan afborganir langtímalána námu 7,4 m.kr.

Vatnsveita

Tap var á rekstri Vatnsveitunnar, en því var að mestu mætt með framlagi frá aðalsjóði að upphæð 12,5 m.kr.

Fráveita

Fráveitan var rekin með 4,4, m.kr. hagnaði en fráveitan er fullafskrifuð.

Félagslegar íbúðir

Rekstrarframlag að upphæð kr. 18, 1 m.kr þurfti til að mæta tapi af rekstri Félagslegra íbúða.

Að lokum

Rekstrarniðurstaða Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir rekstrarárið 2012 verður að teljast mjög viðunandi. Rekstrarbati samstæðunnar á milli ára er 52 m.kr og skilar samstæðan nú 26 m.kr rekstrarafgangi. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir eða framlegð (EBIDTA) er 128 m.kr.

Ekki hafði verið gert ráð fyrir að skuldahlutfall samstæðunnar færi niður fyrir 150% fyrr en á árinu 2014, en það takmark náðist á árinu 2012 og er skuldahlutfallið 140% eins og áður kom fram. Það er ánægjuleg niðurstaða.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2012 er hér lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 26. apríl 2012
Elías Jónatansson, bæjarstjóri